

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

889. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 23. nóvember 2015 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Unnur Valborg Hilmarsdóttir aðalmaður, Elín Jóna Rósinberg aðalmaður og Elín R. Líndal aðalmaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir.

Afgreiðslur:

1. **Byggingafulltrúi Ólafur Jakobsson mætir á fundinn til viðræðna við byggðarráð.** Farið yfir vinnuferli við afgreiðslu byggingaleyfa. Byggingafulltrúi mun gera tillögu að nýju vinnuferli og senda byggðarráði.
2. **Skólastjórar grunn- og leikskóla Sigurður Þór Ágústsson og Guðrún Lára Magnúsdóttir mæta til fundar við byggðarráð.** Farið yfir málefni grunn- og leikskóla á Borðeyri. Skólastjórnir leggja fram tillögu að breytingum á rekstrarfyrirkomulagi grunn- og leikskóla á Borðeyri frá 1. janúar nk. Tillagan hefur verið kynnt foreldrum barna í grunn- og leikskólanum. Byggðarráð vísar tillögunni til afgreiðslu sveitarstjórnar.
3. **1511022 Lagt fram bréf frá Flokkun Eyjafjarðar ehf.** dags. 6. nóvember sl. þar sem kannaður er áhugi sveitarfélaga á að koma á samstarfi í landsfjórðungnum í formi byggðasamlags eða félags sem hefði þann tilgang að halda utan um úrgangsmál á svæðinu og fylgja eftir svæðisáætlun fyrir Norðurland. Samþykkt að fresta erindinu og fela umhverfisstjóra afla frekari upplýsinga.
4. **1511009 Lagt fram bréf Snorrasjóðs** dags. 30. október sl. þar sem óskað er eftir fjárstuðningi við framkvæmd Snorraverkefnisins 2016. Byggðarráð sér sér ekki fært að styrkja verkefnið að þessu sinni.
5. **1511021 Lagt fram bréf Óbyggðanefndar** dags. 7. október sl. þar sem tilkynnt er breyting á málsmeðferð óbyggðanefndar og skiptingu svæða 9 og 10. Í bréfinu kemur fram að svæði fyrrum Bæjarhrepps sem að átti að fylgja svæði 9 hefur nú verið frestað og verður tekið með svæði 10 þ.e. Vestfjörðum. Byggðarráð lýsir yfir undrun á að nefndin ákveði einhliða þessar breytingar, þar sem beint hefur verið til svæða sem liggja saman að lágmarka lögfræðikostnað með sameiginlegum lögfræðingi. Svæðið sem um ræðir á meira sameiginlegt með Dalasýslunni en með Vestfjörðum. Einnig er gerð athugasemd við að í bréfi nefndarinnar kemur fram að mögulega verði Vestfjarðasvæðinu skipt í þrjú svæði, því er í raun og veru verið að gera sveitarfélögum erfitt fyrir að eiga samstarf vegna kröfugerðarinnar.

6. **Lagðar fram til kynningar eftirtaldar fundargerðir:**
 - a. **Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 30. október sl.**
 - b. **Fundargerð 23. ársþings SSNV frá 16. október sl.**
 - c. **Fundargerð Hafnasambands Íslands frá 16. nóvember sl.**
7. **Lögð fram til kynningar ársskýrsla leikskólans Ásgarðs skólaárið 2014-2015.**
8. **Fjárlög ríkisins 2016: Fyrirhuguð álagning virðisaukaskatts á aðkeyptan skólaakstur.** Byggðarráð Húnaþings vestra beinir því til efnahags- og viðskiptanefndar og fjármálaráðuneytisins að sú skattbreyting sem felur í sér virðisaukaskatt á aðkeypta akstursþjónustu verði bætt inn í undanþágu við 42. grein vsk. laganna nr. 50/1988.
Húnaþing vestra er víðfeðmt sveitarfélag með mikinn skólaakstur. Kostnaður á ári nemur um 50 milljónum króna og munu áhrif virðisaukaskatts á akstursþjónustu hafa mikil áhrif á fjárhag sveitarfélagsins. Skólaakstur er lögbundin þjónusta sveitarfélaga og ljóst að ekki er hægt að skera þennan lið niður.
9. **Lagt fram bréf Íþróttá- og tómstundafulltrúa vegna Ungmennaráðs dags. 4. nóvember sl.** Ungmennaráð óskar eftir heimild til að nýta kr. 35.000 af þeim fjármunum sem ráðið hefur til ráðstöfunar á árinu 2015 til að greiða fyrir uppistand og fyrirlestur fyrir börn og unglinga í félagsmiðstöðinni Orion um blinda og sjónskerta. Byggðarráð samþykkir erindið.
10. **Lagt fram bréf SSNV dags. 17. október sl. ásamt samningi um sóknaráætlun Norðurlands vestra 2015-2019.** Byggðarráð staðfestir samninginn.
11. **Sorphirða- drög að útboðsgögnum.** Umhverfisstjóri mætti á fundinn og fór yfir drög að útboðsgögnum fyrir sorphirðu.
12. **Stefnumótun um Arnarvatnsheiði,** lokaskýrsla lögð fram til kynningar. Byggðarráð þakkar Gudrunu Kloes góða skýrslugerð.

Elín R. Líndal vék af fundi kl 16:00

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 16:40

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Elín Jóna Rósinberg.

Elín R. Líndal

Guðný Hrund Karlsdóttir

Guðrún Ragnarsdóttir